

Nd.

423. Nefndarálit

[194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á l. um atvinnuleysis-
tryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Það er alkunna að skerðingarákvæðið um tekjumörk maka í 16. gr. 1. málsg-
lið hefur ekki einvörðungu áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysis-
tryggingasjóði, heldur og á greiðslur atvinnuleysisbóta. Þetta bitnar sem kunnugt
er í reynd nær eingöngu á giftum konum á vinnumarkaði, sem missa við það at-
vinnuleysisbætur með öllu. Eðlilegt er að um leið og skerðingarákvæðið er afnumið
gagnvart fæðingarorlofi verði það misrétti, sem lögín fela í sér með skerðingu á
atvinnuleysisbótum, lagfært. Flyt ég breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 24. mars 1977.

Sigurður Magnússon.